



Okkar mál

Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi

Stöðuskýrsla í október 2012

Forsaga verkefnis

Upphaf verkefnis tengist því að hópur skólafólks og sérfræðinga í Breiðholti hittist nokkrum sinnum síðastliðinn vetur og ræddi stöðu og möguleika til skólaþróunar í hverfinu.

Ljóst var að vinna mætti að margvíslegum verkefnum sem studd væru af stefnumótun opinberra aðila, s.s. samþykkt Borgarráðs, tillögum vinnuhópa á vegum borgarinnar, lögum, námskrám, íslenskri málstefnu og stefnumótun í málefnum innflytjenda.



Mynd 1 Hópur skólafólks og sérfræðinga fundar á Þjónustumiðstöð Breiðholts

Þegar tækifæri gafst var ákveðið að móta þróunar- og rannsóknarverkefni til 5 ára og sækja um þróunarstyrk til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Í verkefninu sem hlaut nafnið *Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi* er áhersla lögð á að auka fagþekkingu, færni og samvinnu starfsfólks í skóla og frístundastarfi til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Leitast er við að byggja upp lærdómssamfélag sérfræðinga af Menntavísindasviði HÍ, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Breiðholts, kennara, foreldra, starfsmanna frístundaheimila og utanaðkomandi ráðgjafa.

Verkefnið miðar að því að auka tengsl milli leik- og grunnskóla, skapa samfellu í námi ungra barna og efla málþroska og læsi leik- og grunnskólabarna. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að auka félagslegan jöfnuð, árangur og vellíðan barna, efla velferð þeirra og menntunarmöguleika í íslenska skólakerfinu.



Mynd 2 Við afhendingu styrks frá skóla- og frístundaráði

Fyrstu skrefin

Styrkur frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur að upphæð 3 milljónir var hópnum mikil hvatning. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að verkefnið hófst með formlegum hætti hefur verið unnið samkvæmt verkáætlun¹. Helstu áfangar hingað til eru eftirfarandi:

- Stýrihópur verkefnisins var stofnaður í upphafi sumars og hefur hann fundað reglulega og unnið að eftirfarandi verkefnum:
 - Almennt skipulag verkefnis og fjármál
 - Rannsóknarþáttur og matslistar
 - Áherslur og verkefni skólaársins
 - Skipulag sameiginlegs kynningarfundar(sjá nánari umfjöllun hér að neðan)
 - Skipulag fræðsluþátta fyrir veturinn
 - Samstarfs- og starfsáætlun frá Holti og Ösp
 - Kynning og stefnumótun með verkefnastjórum í leikskólum og grunnskóla
- Verkefnastjórar í báðum leikskólum og í Fellaskóla hafa unnið að sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi og markvissum verkefnum á hverjum starfsstað.
- Verkefnastjóri frá SFS hefur veitt handleiðslu í leikskólunum.



Mynd 3 Fyrsti formlegi vinnufundur stýrihóps á bókasafni Fellaskóla í júní 2012



Mynd 4 Stýrihópur fundar á Skóla- og frístundasviði í ágúst 2012



Mynd 5 Stýrihópur og verkefnastjórar funda í Leikskólanum Ösp í september 2012

Kynningar- og vinnufundur í Fellaskóla 28. ágúst 2012

Haldinn var sameiginlegur kynningar- og vinnufundur samstarfsaðila verkefnisins. Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

- Þorbjörg Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts kynnti verkefnið.
- Dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir frá Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hélt *fyrirlestur um málþroska og læsi*.

¹ Skipulagning og ný útfærsla á skóla- og frístundastarfi hjá yngstu bekkjum í Fellaskóla hafði þó þau áhrif að verkefnið var aðlagð að þessum breytingum og verkefnastjóri frá skólanum kom ekki að verkefninu fyrr en í september 2012.

- Fríða Bjarney Jónsdóttur verkefnastjóri/ráðgjafi v. fjölmennningar í leikskólum hjá Skóla- og frístundasvið flutti fyrirlestur um viðhorf og samskipti í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi.
- Starfsfólk Aspar, Fellaskóla, Holts, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviðs HÍ vann saman að mótun verkefnisins. Unnið var með spurningarnar:
 - Hvað gerum við vel?
 - Hvað má gera betur?
 - Hvernig má nýta sérfræðiþjónustuna?
 - Hvers konar fræðslu þurfum við?
 - Hvað er mikilvægast að leggja áherslu á?
 - Hvað get ég lagt til verkefnisins?
 - Hvert viljum við komast á næstum 5 árum?



Mynd 6 Starfsfólk Aspar, Fellaskóla, Holts og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts vann saman að mótun verkefnisins

Afrakstur² af þessari skemmtilegu og vönduðu vinnu hópanna mun leggja grunn að verkefninu og hafa áhrif á mótun þess.

² Sjá samantekt hópavinnu á <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2012/09/blöð-ur-Fellaskola.pdf>

Önnur skref

Auk ofantalinna skrefa var unnið að ýmsum verkum er styðja við tilvist verkefnisins. Til dæmis var einkennismerki fyrir verkefnið hannað og veggspjald með markmiðum verkefnisins prentað út og hengt upp í hverri starfsstöð. Eins var vefur fyrir verkefnið³ settur upp og Facebook hópur fyrir upplýsingamiðlun og samskipti stofnaður.



Mynd 7 Vefur, veggspjald og Facebook hópur verkefnis

Taka má fram að verkefnið *Okkar mál* var kynnt á veggspjaldakynningu sem var hluti af Hringþingi um menntamál innflytjenda⁴ sem haldið var 14. september 2012.



Mynd 8 Veggspjaldakynning á Hringþingi um menntamál innflytjenda
(myndir af flickr frá bjorkottarsdottir)

Samantekt

Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að verkefnið hófst hefur verið unnið að því að leiða saman aðila, vinna með viðhorf og væntingar til samskipta og skipuleggja fræðslu er tengist hugmyndafræði um læsi í viðum skilningi, fjölmenningu, millimenningarferni, tvítyngi og grunnþáttum máltöku og málræktar.

Vinnan í verkefninu hefur einkennst af gleði, stolti og krafti sem nýttast mun í þeim fjölmörgu og mikilvægu viðfangsefnum sem framundan eru.

³ Sjá www.tungumalatorg.is/okkarmal

⁴ Sjá <http://tungumalatorg.is/hringthing>